

Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum

Ársskýrsla 2014



MIÐSTÖÐ SÍMENNTUNAR
Á SUÐURNESJUM

Efnisyfirlit

Ávarp stjórnarformanns	3
Inngangur forstöðumanns	5
Stjórn MSS	8
Starfsfólk MSS	9
Náms- og starfsráðgjöf	10
Samvinna – starfsendurhæfing	16
Nám fyrir innflytjendur	19
Fjarnám	22
Fullorðinsfræðsla fatlaðra	23
Fyrirtækjaþjónusta	25
Erlent samstarf	28
Starfstöð MSS í Grindavík	30
Námsleiðir FA	32
Próunarverkefni	34
Ársreikningur 2014	35

Ávarp stjórnarformanns



Það hefur verið gríðarlega ánægjulegt að fá að starfa í stjórn MSS. Sérstaklega er það gaman fyrir manneskju sem kemur af menntasviðinu en meðfram starfi mínu sem bæjarfulltrúi er ég grunn- og framhaldsskólakennari og starfa við Grunnskóla Grindavíkur.

Mikilvægi menntunar er óumdeilt og því er það okkur Suðurnesjamönnum ómetanlegt hversu öflug og drífandi starfssemi MSS er. Hjá miðstöðinni vinnur ótrúlega hæft og metnaðarfullt fólk sem hefur tekist að gera námið eftirsóknarvert og aðlaðandi. Frá þeim tíma sem MSS var sett á laggirnar hefur miðstöðin vaxið mjög mikið. Það er eftirspurn eftir því sem boðið er upp á og öll umgjörð og utenumhald er eins og best verður á kosið.

Það voru því vissulega ákveðin vonbrigði að sjá að í fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar fyrir þetta ár fengi MSS lægst framlag á hvern íbúa borið saman við sambærilegar stofnanir í öðrum landshlutum. Ekki síst eru það vonbrigði í ljósi þess að samkvæmt upplýsingum frá Hagstofunni frá því í mars á þessu ári kemur fram að menntunarstig háskólamenntaðra er lægst hér á Suðurnesjunum. Þá er hlutfall þeirra sem eingöngu ljúka grunnskólaprófi mjög hátt á svæðinu.

Beiðni Háskólans á Akureyri um inntöku nýs hóps í fjarkennslu í hjúkrunarfræði sl. haust kom inn á borð til okkar í febrúar í fyrra. Vegna óvissu um fjármögnun sá stjórnin sér ekki fært að taka við nýjum fjarnámshópi. MSS sendi því í kjölfarið Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum erindi þar sem óskað var eftir þjónustusamningi frá sambandinu til að standa straum af þessum kostnaði.

Helstu áskoranir okkar í dag er sá kostnaður sem fellur til við þjónustu fjarnema og það takmarkaða fjármagn sem fæst frá ríkinu til að standa straum af þeirri þjónustu. Þeir 120 nemendur sem MSS veitir aðstöðu til að stunda nám sitt eru því í raun of margir miðað við fjárframlög. Þegar greiða þarf laun starfsfólks, húsnæði, húsbúnað, tækjabúnað og annað sem próftaki þarf á að halda er ljóst að sú upphæð dugar ekki til.

MSS fær engin nemendagjöld fyrir þessa nemendur heldur er einungis um að ræða þjónustu við íbúa Suðurnesja. Okkar markmið er engu að síður að reyna að þjónusta alla þá sem inngöngu fá í fjarnámið, enda skilar aukin menntun sér vonandi til baka á svæðið. Í tölulegum samanburði sem unninn var fyrir sveitarfélög hér á Suðurnesjunum af SSS um áhrif fjárlagafrumvarpsins á svæðið kemur enn og aftur fram sláandi niðurstaða um hversu mikið hallar á þetta svæði. Framlög til þekkingarsetra og símenntunarmiðstöðva er langlægst hér á Suðurnesjunum þegar bornar eru saman sambærilegar stofnanir í öðrum landshlutum. Framlag á hvern íbúa á Suðurnesjum í þessum málaflokki er aðeins rúm 10% af því sem íbúi á t.d. Vestfjörðum fær.

Það að stofnun sé með góða fjármálastjórnun, líkt og MSS, á ekki að verða henni til refsingar. Mikilvægt er að hún nái að vaxa og dafna áfram. Verkefnin þurfa að standa undir sér en það hefur fjarnámið því miður ekki gert. Eftir stóð því spurningin hjá stjórn og forstöðumanni MSS um hvaða leiðir hægt væri að fara til að bregðast við þeim kostnaði sem liggur á MSS vegna fjarnámsnema. Stjórn SSS tók vel í erindi okkar og var tilbúin að gera við okkur þjónustusamning og mæta að hluta til þeim kostnaði. Að mínu mati ættu símenntunarmiðstöðvar í kringum landið eðlilega að fá hlutdeild í því fjárframlagi sem háskólarnir fá frá ríkinu. Einkum og sér í lagi þegar verið er að veita þá þjónustu sem MSS og aðrar símenntunarmiðstöðvar veita nemum í fjarnámi.

Starf MSS er virkilega gott og blómlegt. Glæsileg og upplýsandi ársskýrsla sannar það. MSS er orðin ómissandi hlekkur í okkar samfélagi og aðstoðar fjölmarga sem ekki hafa lokið stúdentsprófi við að brúa bilið í háskóla. Ég er fullviss um að með það utanumhald sem MSS fær frá metnaðarfullu starfsfólki eigum við áfram eftir að njóta þess samfélagslega ávinnings sem MSS hefur hingað til skapað fyrir samfélagið hér á Suðurnesjum.

Fyrir hönd stjórnar vil ég þakka öllu starfsfólki MSS fyrir frábært og gefandi starf í þágu þeirra sem til miðstöðvarinnar leita. Stjórnarmönnum þakka ég einnig fyrir ánægjulegt samstarf.

Grindavík, maí 2015.

Kristín María Birgisdóttir

Stjórnarformaður MSS

Inngangur forstöðumanns




Er MSS fyrir alla? Ég lendi iðulega í því að þurfa að útskýra fyrir fólki hvaða starfsemi fer fram hjá MSS og nokkuð ljóst að það er ekki alltaf skýr mynd í huga fólks hvaða starfsemi fer fram innan húsakynna miðstöðvarinnar.

Þegar ég hef lokið máli mínu eru viðbrögðin í næstum 100% tilvika „vá ég vissi ekki að það væri svona fjölbreytt starfsemi hjá ykkur“. Því hef ég oft velt fyrir mér hvort starfsemin sé ekki nógu vel kynnt eða hvort við sem einstaklingar tökum bara til okkar það sem við þurfum á að halda hverju sinni. Við munum eftir þeirri þjónustu sem við höfum notað eða einhver nákominn okkur. Starfsemi MSS er fjölbreytt og byggist á nokkrum stoðum þó vissulega sé framhaldsfræðslan langstærst. Það sem einkennir starfsemi okkar öðru fremur er að við erum að þjóna fullorðnum einstaklingum hvar sem þeir eru staddir á lífsleiðinni. Meginmarkmið okkar er að þjóna þeim sem hafa ekki lokið framahaldsskólanámi en það er svo sannarlega ekki eina starfsemi okkar.

Fjöldi

Fjöldi viðtala og hópráðgjafa eftir árum



Um mitt ár 2014 urðu breytingar hjá Samvinnu – starfsendurhæfingu á Suðurnesjum og stjórnin stóð þá frammi fyrir því að skoða hvert ætti að stefna með stofnunina. Alveg frá stofnun Samvinnu, hafði öðru hvoru komið upp sú hugmynd að Samvinna yrði hluti af MSS. Ákveðið var að skoða vilja stjórnar MSS til þess að Samvinna færi undir miðstöðina sem ein deild. Það gekk eftir og f.o.m. 1. ágúst 2014 tók MSS yfir rekstur Samvinnu. Að mínu mati tókst þessi flutningur mjög vel og í raun litlar breytingar sem starfsfólk og skjólstæðingar fundu fyrir. Tilgangur þess að færa Samvinnu undir MSS var að samnýta krafta beggja stofnanna, minnka stjórnunarkostnað og efla enn frekar þá miklu samvinnu sem hefur ávallt verið á milli þeirra beggja. Allir þessir þættir hafa gengið eftir og vil ég fullyrða að þessi samruni hafi á allan hátt verið jákvæður fyrir báða aðila.

Í markaðsfræðinni er sagt að maður eigi að einblína á ákveðna hópa og ekki dreifa kröftum sínum of mikið. Það er vissulega margt til í því. Svo er annað sjónarmið sem snýr að samnýtingu og að gera hlutina á hagkvæman hátt í samfélagi sem telur ekki marga einstaklinga en Ísland er eins og allir vita ekki mjög fjölmennt og fjármunir til reksturs velferðarkerfisins eru ekki mjög miklir. Þá þarf ávallt að skoða hvernig er hægt að gera hlutina á sem hagkvæmastan en þó skilvirkan hátt.

Stjórn MSS og Samvinnu höfðu hagkvæmnina að leiðarljósi en ekki síður þá staðreynd að náðið samstarf hafði verið á milli þessa aðila og því nokkuð öruggt að starfsemin myndi þrífast saman. En er starfsemi MSS of dreifð og því erfitt fyrir almenning að átta sig á hvað MSS stendur fyrir?

MSS er að þjóna einstaklingum:


- Í starfsendurhæfingu
- Á vinnumarkaði
- Sem vilja taka sín fyrstu skref á framhaldsskólastigi
- Sem þurfa upprifjun fyrir framhaldsskólastigið
- Sem eru í fjarnámi á háskólastigi
- Sem sækjast eftir tómstundanámi
- Sem þurfa á náms- og starfsráðgjöf á að halda

Og svo sinnir MSS sí- og endurmenntun fyrirtækja og starfsmanna þeirra á svæðinu.

En kjarninn er sá að til okkar getur fullorðið fólk leitað ef það stendur á tímamótum og þarf að endurskoða starfsferil sinn, vill bæta við sig menntun eða bara bæta líf sitt. Við bjóðum mögulega upp á réttu leiðina en erum líka með náms- og starfsráðgjafa sem hjálpa til við að finna hvað hentar hverjum og einum. Það gleður okkur að sjá sífellt fleiri sem hafa komið til okkar og tekið fyrstu skrefin hvort sem það er í Samvinnu, á stuttum námskeiðum, í námsleiðum FA, komið í raunfærnimat eða nýtt sér náms- og starfsráðgjöf og halda áfram í nami. Þessi einstaklingar fara síðan jafnvel í annan skóla og koma síðan jafnvel aftur í MSS og nýta sér aðstöðu til fjarnáms á Háskólastigi.

Fjöldi

Fjöldi nemendastunda eftir árum



Það eru þessar sólskinssögur sem gefa starfinu gildi og allar skipta þær jafn miklu máli. Hvort sem um er að ræða einstakling sem öðlast sjálfstraust til að standa fyrir framan aðra og tjá skoðanir sínar, þann sem styrkir stöðu sína á vinnumarkaði eða þann sem fer í háskólanám, allt skiptir þetta máli. Sögurnar eru margar og augnablikin ótalmörg sem við starfsfólkið upplifum á hverjum degi. Niðurstaða mín er að MSS getur verið fyrir alla þ.e. sú starfsemi sem þar fer fram getur höfðað til allra á mismunandi tímum í lífi hvers og eins. Það er okkar allra að láta vita af þjónustunni því við erum til fyrir almenning á svæðinu.

Árið 2014 notuðum við m.a. til að endurskoða markaðsmál okkar og fengum til liðs við okkur markaðsfræðing, grafískan hönnuð og ljósmyndara til að skerpa á okkar ímynd. Þessi mál þurfa þó að vera í stöðugri endurskoðun enda ekki gefið mál að það sem virkar vel í dag muni virka á morgun.

Ég vil þakka stjórn MSS fyrir gott samstarf á árinu og starfsfólki fyrir einstaklega gott starf sem það vinnur daglega við að hjálpa einstaklingum að láta drauma sína rætast.

Guðjónína Sæmundsdóttir

Forstöðumaður MSS

Stjórn MSS



Breytingar urðu á stjórn MSS á árinu en
Sigurgestur Guðlaugsson fór úr stjórn um mitt ár.
Jóhanna B. Sigurbjörnsdóttir tók hans sæti fyrir hönd Reykjanesbæjar.

Stjórn Miðstöðvar símenntunar á Suðurnesjum árið 2014 frá janúar – ágúst 2014

Sigurgestur Guðlaugsson, stjórnarformaður, Reykjanesbæ.
Kristín María Birgisdóttir, varaformaður, Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum.
Ellert Eiríksson, atvinnurekendum.
Guðbrandur Einarsson, stéttarfélögum.
Kristján Ásmundsson, Fjölbrautaskóla Suðurnesja.

Varamaður Kristínar Maríu: Þuríður Gísladóttir, Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum.
Varamaður Sigurgests: Dröfn Rafnsdóttir, Reykjanesbæ.
Varamaður Kristjáns: Guðlaug M. Pálsdóttir, Fjölbrautaskóli Suðurnesja.
Varamaður Guðbrands: Kristján Gunnarsson, stéttarfélagum.

Stjórn Miðstöðvar símenntunar á Suðurnesjum árið 2014 frá september – desember 2014

Kristín María Birgisdóttir, Stjórnarformaður, Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum.
Guðbrandur Einarsson, Varaformaður, Stéttarfélögum.
Ellert Eiríksson, Atvinnurekendum.
Jóhanna B. Sigurbjörnsdóttir, Reykjanesbæ.
Kristján Ásmundsson, Fjölbrautaskóla Suðurnesja.

Varamaður Kristínar: Þuríður Gísladóttir, Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum.
Varamaður Jóhönnu: Kristín Gyða Njálisdóttir, Reykjanesbæ.
Varamaður Guðbrands: Kristján Gunnarsson, stéttarfélagum.
Varamaður Kristjáns: Guðlaug M. Pálsdóttir, Fjölbrautaskóla Suðurnesja.

Stjórnin hélt 6 bókaða fundi á árinu 2014.

Starfsfólk MSS



Anna Lóa Ólafsdóttir,

náms- og starfsráðgjafi,
100% starf



Birna Vilborg Jakobsdóttir,

verkefnastjóri atvinnulífs,
100% starf til 28. febrúar og í barneignaleyfi.



Eydís Eyjólfsson,

þjónustufulltrúi,
90% starf



Guðjónína Sæmundsdóttir,

forstöðumaður,
100% starf



Hrönn Auður Gestsdóttir,

þjónustufulltrúi,
100% starf



Jenný Þórkatla Magnúsdóttir,

verkefnastjóri,
100% starf



Jónína Magnúsdóttir,

náms- og starfsráðgjafi,
100% starf



Kristinn Þór Jakobsson,

verkefnastjóri,
100% starf



Kristinn Bergsson,

þjónustufulltrúi, sinnir útköllum
eftir þörfum MSS.



María Rós Skúladóttir,

félagsráðgjafi,
100% starf



Ragnheiður Eyjólfsson,

verkefnastjóri,
100% starf



Rannveig Ragnarsdóttir,

félagsráðgjafi,
75% starf



R. Helga Guðbrandsdóttir,

verkefnastjóri Samvinnu,
100% starf



Steinunn Jónatansdóttir,

náms- og starfsráðgjafi,
100% starf frá 1. ágúst



Sveindís Valdimarsdóttir,

verkefnastjóri íslensku-
námskeiða, 100% starf



Særún Rósa Ástþórsdóttir,

verkefnastjóri,
100% starf



Unnar Sigurðsson,

verkefnastjóri,
100% starf

Nám fyrir einstaklinga


Flokkurinn Gagn og gaman inniheldur námskeið sem einstaklingar sækja sér jafnan til skemmtunar og fróðleiks.

Gagn og gaman

Flokkurinn Gagn og gaman inniheldur námskeið sem einstaklingar sækja sér jafnan til skemmtunar og fróðleiks. Þátttaka í þessum námskeiðum var töluvert minni þetta árið en á árinu áður. Föstu handverksnámskeiðin eins og Handmálun og spaði, Leðurtöskugerð og Ræktun mat- og kryddjurta voru á sínum stað og gengu ágætlega. En erfiðlega gekk að fá nægilegan fjölda þátttakenda til að hægt væri að koma öðrum tómstundanámskeiðum af stað.

Fjöldi

Fjöldi þátttakanda í Gagn og gaman eftir árum



MSS er í samstarfi við Skema varðandi námskeið í Leikjaforritun fyrir börn og var ágætis þátttaka í þau námskeið sem haldin voru í júní. Einnig er MSS í samstarfi við Þekkingarsetur Suðurnesja og auglýsir MSS námskeið fyrir setrið og sér um skráningu en Þekkingarsetur Suðurnesja sér um aðra umsýslu vegna þessara námskeiða.

MSS býður öðrum námskeiðshöldurum að sjá um ákveðna þjónustu gegn vægu gjaldi og eins og fyrri ár þá veittum við Félagi myndlistamanna í Reykjanesbæ þjónustu með skráningar og innheimtu á námskeiðsgjöldum fyrir þau námskeið sem fóru af stað hjá FMR.


Í heild sinni voru haldin 13 námskeið í flokknum Gagn og gaman með umtalsvert færri þátttakendum en árið á undan eða 62 % fækkun.

Tungumál

Engin erlend tungumálanámskeið fóru af stað á árinu 2014, en þó bárust reglulega fyrirspurnir um þau þó ekki næðist lágmarks þátttaka sem nægði til að setja slík námskeið af stað.

Fjöldi

Fjöldi þátttakanda á tungumálanámskeiðum eftir árum




Tölvunám

Tölvunám er stór þáttur af lengra námi hjá MSS. En svo eru einstaka námskeið þar sem eingöngu er kennt á tölvur og var töluverð aukning á stökum tölvunámskeiðum þetta árið og munaði þar mest um samstarf okkar við Fríhöfnina sem var hjá MSS á tölvunámskeiðum vorið 2014. Haldin voru 11 sérstök tölvunámskeið með mun fleiri þátttakendum en á árinu áður eða 165 % aukning.

Fjöldi

Fjöldi þátttakanda á tölvunámskeiðum eftir árum



Náms og starfsráðgjöf

Helstu verkefni náms- og starfsráðgjafa MSS eru ráðgjöf til einstaklinga og hópa, kennsla í námstækni og sjálfstyrkingu, raunfærnimat og skipulag/hönnun námskeiða. MSS er með þjónustusamning við Fræðslusjóð til að geta sinnt þessari þjónustu og tekur umfang þjónustunnar mið af þeim samningi.

Það má segja að allt starfsfólk MSS sé í samstarfi við ráðgjafa þar sem starfsfólkið beinir fólki í ráðgjöf eftir því sem við á og leitar jafnframt ráða sjálft varðandi hin ýmsu málefni. Þá er starfsfólk Vinnumálastofnunar líka meðvitað um að benda fólki á ráðgjöfina. Samvinna starfsendurhæfing er orðin hluti af starfsemi MSS og ráðgjafar sinna því þátttakendum þar áfram. Þar fyrir utan er samstarf við Virk, Heilbrigðisstofnun Suðurnesja og Félagsþjónustu í Sandgerði og Garði.

Einstaklingsráðgjöf

Einstaklingsráðgjöf til þeirra sem hafa glímt við atvinnuleysi til lengri tíma hefur aukist og þurfa þeir mikla ráðgjöf og þá ekki síst í formi sjálfstyrkingar og eftirfylgni með málefnum viðkomandi. Vonleysi einkennir marga og ráðgjöfin þarf að taka mið af því. Þarna skiptir aldurinn miklu máli. Upplifunin er að inn á milli séu ungir atvinnuleitendur sem þurfi hvatningu og aðstoð við að sjá möguleikana en þeir sem eru eldri hræðast að komast ekki aftur út á vinnumarkaðinn. Athyglisvert að fólk hefur gjarnan talað um að eftir að atvinnuleitandi er kominn yfir fimmtugt breytist viðhorf atvinnurekenda gagnvart viðkomandi.

Gott samstarf var við félagsþjónustuna í Sandgerði, Garði og Vogum og fengu nokkrir langtímaatvinnulausir m.a. markvissa ráðgjöf í fjögur skipti með eftirfylgni. Sú ráðgjöf kom mjög vel út og flestir komnir í vinnu eða eru að huga að námi.

Stærsti hópurinn sem leitar ráðgjafa eru þeir sem ekki hafa lokið framhaldsskóla. Marga langar að mennta sig meira og hlutverk náms- og starfsráðgjafa er að meta og finna leiðir fyrir viðkomandi til að ljúka framhaldsskólamenntun. Þá er töluverður hópur sem fer í gegnum raunfærnimat í hinum ýmsum greinum sem þarf á einstaklingsráðgjöf að halda í matsferlinu.

Hópráðgjöf


Hópráðgjöf hefur verið nokkur í samstarfi við VMST og STARF eins og sl. ár. Um er að ræða starfsleitarstofur þar sem farið er í þætti eins og ferilskrágerð, kynningarbréf, markmiðasetningu ásamt því að efla starfsleitarhæfni einstaklinga. Hópráðgjöfin er skipulögð í 4x3 klst. yfir 2ja vikna tímabil þar sem bæði er unnið í hóp og þátttakendur fá síðan í lok tímabils einstaklingsviðtal. Hópráðgjöfin hefur gengið vel og stefnt er að áframhaldandi samstarfi.

Raunfærnimat

Þrjú raunfærnimatsverkefni voru unnin á árinu og fóru samtals 46 einstaklingar í gegnum raunfærnimat hjá MSS. Raunfærnimat á Tölvuþjónustubraut fór fram á vorönninni. Þrettán karlmenn tóku þátt í verkefninu og komu þeir m.a. af Reykjavíkursvæðinu, Suðurlandi og Suðurnesjum. Fimm þeirra hófu nám í FS um haustið til að klára það sem vantaði upp á matið og einn fór í Háskóla Reykjavíkur. Samstarfsaðili MSS í þessu verkefni var Fjölbrautaskóli Suðurnesja.

Fjöldi

Fjöldi viðtala og hópráðgjafa eftir árum



Raunfærnimat í fiskveiðum og fiskeldi fór fram á árinu og fóru tuttugu karlmenn í gegnum matið í fiskveiðum. Yfir helmingur þátttakendanna hefur hafið nám í þeim greinum sem ekki fengust metin hjá Fisktækniskóla Íslands.

Þá hafa nokkrir lokið náminu Fisktæknir í framhaldi af matinu. Matið tókst mjög vel en var að mörgu leiti frábrugðið hefðbundnu ferli raunfærnimats. Sérstaklega að því leiti hversu matið dreifðist yfir langan tíma og að ráðgjöfin var að miklu leiti rafræn. Það helgaðist að mestu af því að þátttakendur voru flestir sjómenn í starfi og erfitt að ná þeim saman í hóp á sama stað á sama tíma. Raunfærnimat í fiskeldi hófst líka á árinu en fjórir einstaklingar luku því. Frestur var veittur á verkefninu þar til í byrjun árs 2015 og mun matinu ljúka á vorönn 2015. Samstarfsaðili MSS í þessu verkefni var Fisktækniskóli Íslands.

Raunfærnimatið var í Verslunarfagnámi á haustönninni. Auðveldlega gekk að fá þátttakendur þar sem helmingur þeirra kom eftir að hafa lesið auglýsingu/grein í Víkurfréttum. Þá komu nokkrir eftir kynningu ráðgjafa í fyrirtæki og gegnum auglýsingu á Facebook. Tíu þátttakendur skráðu sig í matið og voru það níu konur sem luku ferlinu. Matið gekk mjög vel og staðnar einingar óvenju margar miðað við fyrri ár. Fimm konur luku lokaverkefni í framhaldi af matinu, en lokaverkefni er eini áfanginn sem ekki er til mats í Verslunarfagnáminu.

Ljóst er að raunfærnimat er mjög góð leið til að þess að staðsetja sig inn í formlega skólakerfið aftur og nýta starfsreynslu sína til þess. Ávinningurinn er bæði fyrir einstaklinginn og samfélagið.



Samvinna

– starfsendurhæfing


Samvinna starfsendurhæfing á Suðurnesjum var stofnuð þann 15. maí 2008 og er rekin sem sjálfseignarstofnun. Tímamót urðu hjá Samvinnu 1. ágúst sl. þar sem Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum tók yfir reksturinn.

Í dag er Samvinna rekin sem starfsendurhæfingardeild innan MSS. Eini tilvísunaraðili til Samvinnu er Virk starfsendurhæfingarsjóður og er MSS með samning við Virk um starfsendurhæfingu fyrir þátttakendur. Samvinna starfsendurhæfing styður við einstaklinga sem þurfa á aðstoð að halda vegna veikinda, slysa og/eða félagslegra erfiðleika við endurkomu á vinnumarkaðinn. Markmið Samvinnu er að efla einstaklinga til vinnu, stuðla að auknum lífsgæðum þeirra og fjölskyldna þeirra, með það að leiðarljósi að viðkomandi fari í atvinnu eða nám að endurhæfingu lokinni. Í endurhæfingunni er unnið á heildrænan hátt út frá líkamlegum og sálfélagslegum þáttum einstaklingsins og leitast er við að finna heilstæða úrlausn á vanda hvers þátttakanda. Eitt af lykilatriðum í endurhæfingunni er að hver þátttakandi hefur sinn ráðgjafa sem er tengiliður hans við aðrar stofnanir sem koma að hans málum. Þátttakandi mætir reglulega í viðtöl til ráðgjafa síns þar sem lagt er mat á stöðu hans, markmið og leiðir.

Endurhæfingarleiðir – innihald

Innihald endurhæfingarlína var með hefðbundnum hætti, boðið var upp á Sumarlínu, Grunnlínu, Heilsu- og námslínu og Atvinnulínu. Leitast var við að hafa innihaldið fjölbreytt en megináhersla var á heilsutengda þætti.

Fjöldi





Sérsniðin endurhæfing

Að venju var hluti af þátttakendum Samvinnu í sérsniðinni endurhæfingu. Átta einstaklingar voru í námi utan Samvinnu og 11 einstaklingar í starfsþjálfun á vinnustað. Samstarf við fyrirtæki á Suðurnesjum er gott og alltaf bætast ný fyrirtæki í hóp samstarfsaðila.

Menntastofnun	Fjöldi
MSS - Menntastoðir	5
Fjármálaskólinn LTV	1
Proment	1
NTV	1
Samtals	8
Sérsniðin endurhæfing	Fjöldi
Starfsþjálfun á vinnustað	11

Atvinnulína

Áhersla var á markvissan undirbúning fyrir atvinnuþátttöku og er boðið upp á starfsþjálfun á vinnumarkaði. Kjarnanámskeiðin voru eftirfarandi; Starfsfræðsla, vinnustaðamenning, sjálfstyrking, tjáning, vinnustaðaheimsóknir, vinnustofur, tölvur, gönguferðir og æfingar í tækjasal

Námslína

Áhersla var á námstengda þætti og markvissan undirbúning fyrir frekara nám. Kjarnanámskeiðin voru eftirfarandi; Námsækni, sjálfstyrking, tjáning, skóla- og vinnustaðaheimsóknir, vinnustofur, tölvur, grunnnám í stærðfræði, enska, samfélagið mitt, gönguferðir og æfingar í tækjasal.

Grunnlína

Endurhæfingin fer að stærstum hluta fram í hóp sem hefur styðjandi og hvetjandi áhrif á hvern einstakling og eru kjarnanámskeiðin eftirfarandi; Grunn nám í íslensku og ensku, sjálfstyrking, hópefli, fjármálanámskeið, námskeið sem heitir draumar og drekar, vinnustofur, heilsutengd fræðsla og hreyfing.

Á öllum endurhæfingarleiðum var boðið upp á ýmsa fræðslu sem eykur getu þátttakenda til að takast á við daglegt líf og gera breytingar á lífsstíl sínum.



Nám fyrir innflytjendur


Alls sóttu 113 manns almenn 60 kennslustunda íslenskunámskeið á vorönn, auk þess sem 50 manns sóttu Landnemaskólann sem er 120 kennslustunda nám.

Vorönn 2014

Alls sóttu 113 manns almenn 60 kennslustunda íslenskunámskeið á vorönn, auk þess sem 50 manns sóttu Landnemaskólann sem er 120 kennslustunda nám. Alls voru því nemendagildi 163 á vorönn 2014. Rúmlega helmingur eða tæplega 60 nemendur á íslenskunámskeiðunum voru þar á eigin vegum en 35 nemendur voru hælisleitendur á vegum Reykjanesbæjar, 15 nemendur komu á vegum Starf og VMST auk þess sem 5 nemendur komu á vegum Virk. Á þessari önn fengum við inn nýjan kennara í MSS, Jurgitu Milleriené, sem er frá Litháen og er það mjög kærkomin viðbót í kennarahópinn.

Fjöldi

Fjöldi íslenskunema eftir árum



Landnemaskólinn – kvennasmiðja

Landnemaskólinn samanstóð af þremur pólskum hópum og tveimur kvennasmiðjum. Stór hluti nemenda sem sóttu Landnemaskólann að þessu sinni höfðu mjög litla sem enga íslenskukunnáttu og var því mikil áhersla lögð á íslenskt talmál og að nemendur kynntust samfélaginu á Íslandi. Kvennasmiðjan var byggð upp á þann hátt að skipt var upp í hópa og í einum hópnum var eldaður léttur hádegisverður og gafst þá tækifæri til að kynna mat og menningu okkar Íslendinga sem og að kynnast matarvenjum frá þeirra eigin löndum. Þetta gaf einnig tilefni til umræðna og skapaði skemmtilega og heimilislega stemningu. Ánægjan var mikil með námskeiðið og hélt stór hluti þeirra áfram í Landnemaskóla 2 að hausti.

Það sem einkenndi vorönn 2014 var hversu snemma við hófum kennslu og þá einnig hversu langt fram á sumar við vorum með námskeið í gangi. Síðustu hóparnir voru nánast daglega og luku námi 27. júní, sem er einsdæmi.

Haustið 2014

Alls sóttu 130 manns almenn 60 kennslustunda íslenskunámskeið á haustönn, auk þess sem 45 manns sóttu starfstengt íslenskunám í Vísi í Grindavík sem var 24 kennslustunda nám.

Þá var Landnemaskóli kvenna 1 starfræktur með 10 konum og Landnemaskóli 2 með 11 konum. Alls sóttu því 175 manns almenn íslenskunámskeið og 21 kona sótti Landnemaskóla. Í upphafi skólaársins var haldið starfstengt námskeið í Vísi Grindavík sem kennt var inni á vinnustaðnum og gekk það námskeið mjög vel fyrir sig. Rúmlega helmingur eða um 70 nemendur á íslenskunámskeiðunum voru þar á eigin vegum, ríflega 40 manns var á vegum Reykjanesbæjar, um 10 nemendur komu á vegum Starf og VMST auk þess sem 8 nemendur voru á vegum Virk. Það hefur gefist einkar vel að hafa kennara á fyrstu stigum námsins sem talar tungumál nemendanna. Ánægja nemenda lýsir sér best í frábærri mætingu hjá nemendum, góðum árangri og brottfall er ekki mælanlegt.

Skemmtileg haustheimsókn frá Síberíu

Okkur barst boð um að fá kynningu frá Jakútía í Síberíu. Nikolai Shishigin, sem jafnframt er frændi eins af íslenskunemendum okkar í MSS, hélt áhugaverðan hádegisfyrirlestur í sal okkar á 5. hæð í Krossmóa 4a. Nikolai var staddur hér á landi vegna ráðstefnu sem haldin var í Hörpu um norðurslóðir. Hér var á ferðinni virkilega áhugaverður fyrirlestur um lífið í Jakútía, sem er framandi og áhugavert og var góð mæting á þessa skemmtilegu uppákomu, þar sem boðið var upp á rússneska súpu sem nokkrir af rússnesku og litháísku nemendum MSS elduðu.

Landnemaskólinn 1 og 2 – kvennasmiðja Landnemaskólinn samanstóð af tveimur kvennasmiðjum. Stór hluti nemenda sem sóttu Landnemaskólann að þessu sinni höfðu mjög litla sem enga íslenskukunnáttu og var því mikil áhersla lögð á íslenskt talmál.

Íslenska TAL og ýmis verkefni

Í fyrsta skiptið í nokkurn tíma var boðið upp á talhóp hér í MSS. Magnea Ólafsdóttir tók það verkefni að sér og er um að ræða blandaðan hóp frá mjög ólíkum landssvæðum þar sem áherslan er fyrst og fremst á talað mál. Mikil aðsókn var í hópinn sem samanstendur af jafnt nýjum sem eldri nemendum.



Íslenskunemendur okkar hafa verið virkir á degi íslenskarar tungu og að þessu sinni var dagurinn einnig tileinkaður mannréttindum. Ferien frá Alsír sagði í stutt máli frá baráttu sinni fyrir mannréttindum í heimalandinu og opnaði augu okkar fyrir því að mannréttindi eru ekki allstaðar jafn sjálfgæfin.

Starfsleitarnámskeið

Í nóvember tókum við að okkur eitt starfsleitarnámskeið fyrir Starf, þar sem 12 Pólverjar útbjuggu sér færni og ferilskrá (CV) og unnu markvisst að undirbúningi fyrir starfsleit og umsóknarferli. Þá tóku einnig 16 Pólverjar stöðupróf í íslensku frá Vinnumálastofnun. Í báðum tilfellum fengum við nemendur inn í áframhaldandi nám, annarsvegar inn í Landnemaskóla 2 og hinsvegar inn í Íslensku 3 TAL.


Á haustönn 2014 fór starfsemin af stað um miðjan ágúst og stóð langt fram í desember. Íslenskunemendur okkar hafa sýnt dugnað og alúð við vinnu sína og gaman er að sjá hversu margir nemendur koma að eigin frumkvæði og halda áfram upp á næsta námsstig. Nú bíða okkar framhaldsnámskeið með fjöldanum öllum af fólki frá ólíkum landssvæðum og sérhvert ár ber eitthvað nýtt og framandi í skauti sér í fjölmeningarsamfélaginu MSS.

Fjarnám

Það voru 95 nemendur sem nýttu sér aðstöðu hjá MSS til að stunda fjarnám á vorönn 2014 en 115 nemendur á haustönn 2014 og var aukning frá árinu áður. Aðstaðan og þjónustan sem fjarnemar geta nýtt sér hjá MSS er margvísleg og má nefna aðstöðu til lærdóms og próftöku ásamt því að sækja kennslu í gegnum fjarfundabúnað.

Fjöldi

Fjöldi fjarnemanda eftir árum



Einnig fá nemar aðgengi að náms- og starfsráðgjöfum, prentþjónustu og aðstoð varðandi ýmis tilfallandi atriði sem koma upp. Það voru 6 fjarnemar frá HA sem útskrifuðust vorið 2014 úr viðskiptadeild, kennaradeild og auðlindadeild. Þar sem fáir útskriftarnemendur áttu kost á að mæta á háskólahátíð hjá MSS þann 17. júní 2014 var tekin sú ákvörðun að halda ekki háskólahátíð þetta árið heldur að bjóða þessum aðilum á háskólahátíð þann 17. júní 2015.

Alls voru haldin 231 próf fyrir Háskólann á Akureyri, Bifröst, Verslunarskólann, Verkmenntaskólann á Akureyri, Fjölbrautaskólann í Garðabæ, Menntaskólann í Kópavogi, Landbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri og Háskóla Íslands. MSS hafði umsjón með og sá um undirbúning og yfirsetu við þessi próf.


Fullorðinsfræðsla fatlaðra

MSS er með samning við Fjölmennt um námskeiðahald fyrir fullorðið fatlað fólk á Suðurnesjum. Starfið er fjölbreytt og ágætlega sótt.

Gott samstarf hefur verið við Björgina geðræktarmiðstöð Suðurnesja með námskeiðið Hugur og heilsa sem stóð yfir í fimm vikur. Á námskeiðinu var farið yfir mikilvægi þess að stunda hollan lífsstíll, samskipti, drauma, markmið og skapandi hugsun. Einnig fengu nemendur kynningu á því námi sem fram fer hjá MSS og kynningu á Samvinnu starfsendurhæfingu.

Fjöldi

Fjöldi þátttakanda í fullorðinfræðslu fatlaðra eftir árum



Samtals voru kenndar 60 kennslustundir en auk þeirra fengu nemendur viðtal hjá sálfræðingi sem starfar í Björginni í byrjun námskeiðs og eftir námið stóð til boða að sækja viðtal hjá náms- og starfsráðgjafa MSS.

Önnur námskeið sem haldin voru á árinu voru tölvunámskeið þar sem grunnur að kvikmyndagerð var kenndur, listaverkagerð úr ljósmyndum og gerð ýmissa fréttablaða, sjálfstyrkingarnámskeið og matreiðslunámskeið sem kennt var heima hjá nemendum. Beiðni kom frá nemendum um námskeið sem tengdust tónlist og var settur upp sönghópur. Námskeiðið tókst mjög vel og var vel sótt.

MSS á fulltrúa í stjórn Listar án landamæra og er samstarfið mjög gott. MSS setti upp námskeið í tengslum við List án landamæra. Í ár var sett upp leiklistarnámskeið og var afrakstur þess námskeiðs sýndur á tveimur sýningum í húsnæði Leikfélags Keflavíkur fyrir fullu húsi.

Fyrirtækjapjónusta

MSS sinnir fjölbreyttri þjónustu við atvinnulífið á Suðurnesjum og aðstoðar fyrirtæki og stofnanir varðandi fræðslu og uppbyggingu starfsmanna sinna. Á hverju ári eru ný og eldri fyrirtæki heimsótt og starfsemi og þjónusta MSS kynnt.

Verkstjóranámskeið

Starfsfólk á fyrirtækjasviði MSS sérsníður námskeið eftir þöfum hvers fyrirtækis hverju sinni í góðu samstarfi við starfsmenn og stjórnendur. Hér verða talin upp helstu verkefni og samstarfsaðila sem skipulögð voru á árinu 2014: **Verkstjóranámskeið** var skipulagt í mjög góðu samstarfi við Airport Assoicaites, námskeiðið var opið öllum sem starfa sem verkstjórar eða í öðrum svipuðum millistjórnendastörfum. Námskeiðið var vel sótt og var boðið upp á tvö námskeið svo það hentaði sem best vaktavinnufólki. Óskað hefur verið eftir að námskeiðið verði haldið aftur auk þess sem skipulagt verði framhaldsnámskeið.



IGS

Fjölmörg námskeið voru haldin fyrir IGS svo sem skyndihjálparnámskeið, líkamsbeitingarnámskeið, námskeið varðandi samskipti og vellíðan í starfi og þjónustunámskeið fyrir nýliða í farþegaþjónustu.

Skólamatúr

Skólamatúr hefur leitað til MSS undanfarin ár varðandi skipulagningu og ut anumhald með fræðsluviku sem fyrirtækið heldur í ágúst ár hvert, engin breyting var á því árið 2014 og var dag-skráin sambland af starfstengdum námskeiðum og námskeiðum sem stuðla að aukinni persónulegri færni.

ISAVIA

Hjá ISAVIA er Fríhafnarskólinn starfræktur. MSS sá um tölvunámskeið fyrir starfsmenn Fríhafnarinnar.

Sjúkraliðar

MSS hefur boðið sjúkraliðum á Suðurnesjum upp á fagtengd námskeið síðustu átta ár.

Árið 2014 var boðið upp á þrjú sérhæfð námskeið, Meðvirkni og hjúkrun, Fjölskylduhjúkrun og Hjúkrun eftir liðskiptiaðgerð. Mikil ánægja er meðal sjúkraliða með að geta sótt námskeið í heimabyggð og eru námskeiðin ávallt vel sótt. Tvö nokkuð löng námskeið voru haldin fyrir **Vinnumálastofnun**. Vellíðan í lífi og starfi (80 kest.) og Virkni og velferð (50 kest.). Námskeið sem stuðla að því að styrkja einstaklinga sem hafa verið án atvinnu í nokkurn tíma.

Að lokum eru hér nefnd almenn starfstengd námskeið sem haldin voru opin öllum; Verktaka-greiðslur, Staðarleiðsögn, Sigur í samkeppni, Grunnatriði stjórnarsetu, Excelnámskeið, DK tölvubók-hald og Námskeið í forritinu MindManager.

Fræðslustjóri að láni

Hluti starfsfólks hjá MSS sinnir verkefni sem nefnist Fræðslustjóri að láni. Fyrirtækjum býðst að taka þátt í verkefninu og fá til sín fræðslustjóra að láni endurgjaldslaust, en verkefnið er greitt af starfsmenntasjóðum stéttarfélaganna. Í fræðslustjóraverkefnum eru myndaðir rýnihópar úr öllum deildum fyrirtækisins og gerð greining á fræðsluþörfum innan fyrirtækisins og í framhaldinu útbúin fræðsluáætlun til oftast þriggja ára. Með verkefninu er fræðslustarf fyrirtækja gert markvissara og því komið í ákveðinn farveg. Í framhaldi af slíkum verkefnum sér MSS mjög oft um skipulagningu og ut anumhald stakra námskeiða í fræðsluáætluninni og gott samstarf hefur skapast milli fyrirtækjanna og MSS. Engin verkefni voru á þessi sviði árið 2014 en unnið var að undirbúningi nokkra verkefna fyrir árið 2015.

Fyrirlestrar í atvinnulífinu

Hjá MSS starfa reyndir og öflugir fyrirlesarar og býðst fyrirtækjum, stofnunum og félagahópum að fá til sín stutta fyrirlestra um ýmis málefni, t.d. hamingju í lífi og starfi, starfslok, vellíðan og samskipti, seiglu, einelti og kynferðislega áreitni. Haldnir voru fyrirlestrar fyrir starfsfólk á níu starfstöðvum Póstsins. Einnig voru haldnir fyrirlestrar fyrir Heiðarskóla, Skólamat og Vísi hf.

Styrkumsóknir

MSS býður fyrirtækjum aðstoð við að sækja um styrki vegna fræðslu og námskeiða fyrir starfsfólk. Með þessum hætti auðveldar MSS fyrirtækjum vinnu og umsýslu vegna námskeiðahalds og einnig er algengt að stjórnendur viti ekki um þá styrki sem í boði eru til niðurgreiðslu þegar kemur að fræðslu fyrir starfsfólk. Það hefur verið mikil ánægja með þennan lið í þjónustu MSS og nýta langflestir viðskiptavinir MSS sér þjónustuna.

Námsráðgjöf á vinnustað

Náms- og starfsráðgjafar hjá MSS fara reglulega í heimsóknir á vinnustaði, kynna námsráðgjöf og veita einstaklingsviðtöl. Viðtölin eru einstaklingum að kostnaðarlausu og áhersla er lögð á hvatningu til virkrar símenntunar, að upplýsa starfsfólk á vinnumarkaði um námsmöguleika, og stuðla að starfsþróun. Fjölmörg fyrirtæki á Suðurnesjum hafa fengið heimsókn og kynningu og fjölmargir starfsmenn þeirra nýtt sér það að koma í námsráðgjöf hjá einhverjum af þremur náms- og starfsráðgjöfum MSS.

Markþjálfun

Hjá MSS er starfandi markþjálfari en markþjálfun er aðferðafræði sem miðar að því að laða fram það besta sem býr í hverjum einstaklingi. Með hjálp markþjálfara er einstaklingurinn leiddur í gegnum samræðuferli þar sem leitað er leiða til nýrra lausna. Markþjálfinn stýrir einungis ferlinu og leiðir viðskiptavininn sjálfan að lausninni. Að geta boðið upp á markþjálfun er ánægjuleg viðbót við þá þjónustu sem fyrir er hjá MSS.

Menntateymi sjávarklasans

MSS hefur tekið þátt í Menntateymi sjávarklasans sem er teymi sem hefur það markmið að kynna námsframboð á svæðinu markvisst fyrir fyrirtækjum í haftengdri starfssemi og koma á tengslum milli fyrirtækja og menntastofnana.

Erlent samstarf

Leonardo – CAPWIN

MSS hóf 2ja ára verkefni, CAPWIN, með sjö öðrum samstarfslöndum árið 2013.

Markmiðið með verkefninu er að sporna við brottfalli nemenda á hvaða skólastigi sem er með áherslu á eigin ákvarðanatöku og ábyrgð. Innleidd verður aðferð sem nýtist fagfólki sem vinnur með brottfallsnemendum og snýr að greiningu ákvarðanatöku og því að sjá sjálfan sig sem virkan geranda í eigin lífi. Verkefninu er stýrt frá Frakklandi. Haldnir voru tveir fundir á árinu, í Svíþjóð og Portúgal.

Leonardo – Coach 4 me

MSS hóf 2ja ára verkefni, Coach 4 me, með 5 öðrum samstarfslöndum árið 2013. Markmiðið með verkefninu er að kynna og þróa aðferðir sem geta aðstoðað leiðbeinendur og kennara við að takast á við áskoranir, litlar sem stórar, sem gætu skapast í kennslustofunni. Verkefninu er stýrt frá Tyrklandi. Haldnir voru tveir fundir á árinu, á Írlandi og í Svíþjóð.

Grundtvig – NEGATIVE


MSS er þátttakandi í Grundtvig verkefninu NEGATIVE, „The influence of negative body image and psychological problems on completion rate in education for adolescents“ þar sem verið er að skoða áhrif neikvæðrar líkamsímyndar á andlega líðan ungs fólks, sjálfsmynd og velgengni m.a. með tilliti til brotthvarfs. Markmið verkefnisins er að tengja saman þá sem koma að rannsóknum á neikvæðri sjálfsmynd/sálfræðilegum vandamálum hjá ungu fullorðnu fólki og fagfólki m.a. innan skólasamfélagsins og gera fagfólk betur færð um að skilja ungt fólk sem glímir við sálfræðileg vandamál og neikvæða líkamsmynd. Skoða á hvernig má mæta þörfum þeirra og stuðla að vellíðan í námi og starfi. Verkefninu er stýrt frá Noregi. Haldinn var einn fundur á árinu í Noregi auk þess sem þátttakendur frá MSS sátu ráðstefnu í Svíþjóð.

Leonardo - ELVETE

Employer Led Vocational Education and Training in Europe er 36 mánaða verkefni sem háskólinn í Wolverhampton í Bretlandi stýrir og koma 12 evrópskir samstarfsaðilar að verkefninu. Markmið verkefnisins er að vekja athygli á góðum starfsháttum í starfsnámi og -þjálfun ungs fólks með því að deila upplýsingum og reynslusögum. Áhersla er lögð á að skoða hvernig samstarfi við fyrirtæki í atvinnulífinu er háttað, einkum ef það hefur skilað sér í breytingum eða aðlögun á náms- skráð að þörfum atvinnulífsins. Tveir fundir voru haldnir á árinu, á Bretlandi og í Búlgaríu.

Flip the Classroom

MSS hóf 2ja ára verkefni, Flip the Classroom, með fimm öðrum samstarfslöndum í desember 2014. Markmiðið með verkefninu er að læra um vendikennslu og hvernig nota eigi tæknina. Búa á til námsefni til að nota í tungumálakennslu. Verkefninu er stýrt af MSS.




Starfsstöð MSS í Grindavík

Árið 2014 var fjórða ár starfsstöðvar MSS í Grindavík. Fjölbreytt starfsemi var í Grindavík á árinu í formi námskeiðahalds, fyrirlestra og fyrirtækjapjónustu.

Stærstu námsleið FA, Menntastoðir, sem fór af stað í dreifinámi í Grindavík haustið 2013 lauk á vorönn 2014 og útskrifuðust 12 manns úr námsleiðinni. Menntastoðir eru ætlaðar einstaklingum sem hafa ekki lokið formlegri framhaldsskólamenntun en hyggja á frekara nám. Þær gefa greiðan aðgang að frumgreinadeildum háskólanna auk þess sem námið er metið til eininga í framhaldsskólum.

Fjöldi

Fjöldi þátttakanda í Grindavík eftir árum



Aðsókn í íslenskunámskeið fyrir útlendinga var góð og voru á árinu haldin fimm hefðbundin 60 kennslustunda íslenskunámskeið á mismunandi styrkleikastigum og eitt 24 kennslustunda námskeið var haldið í samstarfi við Vísi hf. þar sem áhersla var lögð á starfstengdan orðaforða sem nýtist inni í vinnslunni.

Námskeið er tengjast tölvum voru tvö, Grafísk hönnunarsmiðja sem er 120 kennslustunda námskeið kennt samkvæmt námsskrá FA fór af stað með 12 þátttakendum í október. Kennt var tvö kvöld í viku frá 18:00-21:30. Í grafískri hönnunarsmiðju læra þátttakendur að nota sér þrjú vinsæl forrit frá Adobe, en þau eru Photoshop, Indesign og Illustrator. Kennslu lauk í lok janúar 2015. Hitt tölvunámskeiðið var 24 kennslustunda Excelnámskeið sem 11 manns sátu, kennt eina kvöldstund í átta vikur.



Tómstundanámskeiðin sem haldin voru í Grindavík á árinu 2014 voru af ýmsum toga, þar má nefna námskeiðin Sigráðu sykarpúkann sem var skemmtilegt námskeið kennt á einni kvöldstund.

Þar lærðu þátttakendur að búa til nokkra bragðgóða heilsurétti og fengu eigulega uppskriftarmöppu að námskeiði loknu. Handmálun og spaði – Uglumálverk var námskeið þar sem þátttakendur máluðu mynd undir handleiðslu hinnar stórskemmtilegu Tobbu sem hefur kennt á fjölda listanámskeiða á vegum MSS. Síðast en ekki síst kom sjónvarps-gyðjan Ebba Guðný Guðmundsdóttir og kenndi á námskeiði sem kallast Hollara jólanammi.


Námskeiðið var í formi fyrirlestrar en Ebba bauð líka uppá smakk, uppskriftir og hafsþjó af fróðleik varðandi allt er viðkemur góðri heilsu og heilnæmu mataræði.

Námsleiðir FA

Vottaðar námsleiðir Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins voru kenndar hjá MSS. Fjölbreytt námsframboð var af námsleiðum Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins árið 2014 og margar námsleiðir sem fóru af stað.

Fjöldi

Fjöldi nemendastunda eftir árum



Brúarleiðir

Þrjár brúarleiðir voru kenndar en þær voru Félagsliðabré, Leikskólabré og Leikskólaliða- og stuðningfulltrúabré. Allar þessar brýr voru kenndar í samstarfi við Fræðslunet Suðurlands og fór kennslan ýmist fram hjá MSS eða Fræðslunetinu í gegnum Lync.

Menntastoðir

Menntastoðir voru kenndar í staðnámi, þ.e. á daginn bæði á vorönn og haustönn.

Einnig voru Menntastoðir kenndar í dreifnámi, þ.e. einn eftirmiðdag í viku og tvo laugardaga í mánuði, og svo í fjarnámi þar sem kennslan fór að mestu fram á netinu ásamt nokkrum staðlotum. Kennslan í dreifnámi og fjarnámi dreifðist á 2 annir.

Landnemaskólinn

Landnemaskólinn var vinsæll á árinu og fóru 5 hópar í gegnum Landnemaskóla I og einn hópur í gegnum Landnemaskóla II.

Námskeið fyrir fyrirtæki

Nokkur námskeið voru haldin fyrir stofnanir og fyrirtæki á svæðinu eins og Fagnámskeið fyrir heilbrigðis og félagsþjónustu I, Meðferð matvæla – seinni hluti, Sterkari starfsmaður og 5 Grunnnámskeið í fiskvinnslu.

Almennar námsleiðir

Nokkrar almennar námsleiðir fóru af stað hjá MSS þar á meðal Aftur í nám, Grunnmenntaskólinn, Nám og þjálfun, Sölu-, markaðs- og rekstrarnám, Skrifstofuskólinn og Grafísk hönnunarsmiðja.



Þróunarverkefni

Hreysti

Markmið verkefnisins var að þróa sérsniðna endurhæfingu ætlaða þeim sem þurfa að byggja sig upp líkamlega og auka andlega vellíðan ásamt því að auka fjölbreytni í heildstæðum endurhæfingarúrræðum á Suðurnesjum.

Hreysti er byggt á þremur meginþáttum: hreyfingu, núvitund og heilsutengdri fræðslu. Þungamiðja endurhæfingarinnar er hreyfing undir leiðsögn fagaðila bæði einstaklingsmiðuð og í hóp. Farið er yfir heilsufar og líkamlegt ástand í viðtali við ráðgjafa og markmið sett. Þátttakandinn hefur aðgang að ýmsum sérfræðingum á meðan endurhæfingu stendur.

Endurhæfingin er góð leið fyrir þá einstaklinga sem eru að koma sér af stað í hreyfingu en þurfa til þess aðstoð og utanumhald. Einnig þeim sem eru að glíma við stoðkerfisvanda til dæmis eða eru að jafna sig eftir slys og/eða veikindi.

Verkefnið er styrkt af VIRK starfsendurhæfingarsjóði. Verkefnið hófst haustið 2014 og lauk á árinu. Fyrsti hópurinn fór af stað í byrjun febrúar 2015 og lauk þátttöku í lok mars 2015.

Færni í ferðaþjónustu – Fjarnám

Markmið verkefnisins er að þróa námsefni úr námsleiðinni Færni í ferðaþjónustu I og aðlagga hana að fjarkennslu með snjallsímatækni í huga, þ.e. spjaldtölvur og snjallsíma.

Fjarnám í færni í ferðaþjónustu skapar svigrúm og úrræði til að mæta þörfum atvinnulífsins fyrir aukna þekkingu og hæfni starfsmanna og veitir einstaklingum sem búa við skerta möguleika til atvinnuþátttöku eða náms, framhaldsfræðslu þar sem tekið er mið af ójafnri stöðu þeirra og hæfni.

Verkefnið er styrkt af Þróunarsjóði framhaldsfræðslunnar. Verkefnið hófst vorið 2014 og mun því ljúka á árinu 2015.

Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum

Ársreikningur 2014



MIÐSTÖÐ SÍMENNTUNAR
Á SUÐURNESJUM

Efnisyfirlit

Áritun óháðs endurskoðanda	2
Skýrsla stjórnar	3
Rekstrarreikningur	4
Efnahagsreikningur	5
Yfirlit um sjóðstreymi	6

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Miðstöðvar símenntunar á Suðurnesjum ses.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Miðstöðvar símenntunar á Suðurnesjum ses. fyrir árið 2014. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og reikningshaldslegu mati miðað við aðstæður.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits félagsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2014, efnahag þess 31. desember 2014 og breytingu á handbæru fé á árinu 2014, í samræmi við lög um ársreikninga.

Reykjanesbær, 11. maí 2015

Deloitte ehf.


Anna Birgitta Geirfinnsdóttir
endurskoðandi

Staðfesting stjórnar

Ársreikningur Miðstöðvar símenntunar á Suðurnesjum ses. fyrir árið 2014 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga.

Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum var stofnuð 10. desember 1997.

Markmið Miðstöðvar símenntunar á Suðurnesjum er að efla endur- og símenntun Suðurnesjamanna, samstarf atvinnulífs og skóla og tengsl grunn- og endurmenntunar. Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum býður einstaklingum, fyrirtækjum og stofnunum námskeið sem ekki heyra beint undir formlegt námsframboð skóla og er hér einkum átt við frístundanám og starfstengd námskeið og námskeiðaraðir. Kennslu í Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum er hagað þannig að hún hæfi fullorðnum.


Tap Miðstöðvar símenntunar á Suðurnesjum ses. á árinu 2014 nam kr. 2.262.972. Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir félagsins kr. 118.403.330, bókfært eigið fé í árslok er kr. 105.366.159 og er eiginfjárlutfall félagsins 89% samanborið við 81,5% í ársbyrjun.

Stjórn félagsins vísar í ársreikninginn um breytingar á eigin fé félagsins og ráðstöfun hagnaðar.

Það er álit stjórnar og forstöðumanns Miðstöðvar símenntunar á Suðurnesjum ses. að í ársreikningi þessum komi fram allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu. Stjórn og forstöðumaður Miðstöðvar símenntunar á Suðurnesjum ses. staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2014 með undirritun sinni.

Reykjanesbær, 11. maí 2015

Í stjórn



Kristín María Birgisdóttir
stjórnarformaður



Kristján Gunnarsson



Kristján Ásmundsson



Ellert Eiríksson



Jóhanna Björk Sigurbjörnsdóttir

Forstöðumaður



Guðjónína Sæmundsdóttir

Rekstrarreikningur ársins 2014

	Skýr.	2014	2013
Rekstrartekjur		221.701.103	200.366.986
Aðrar tekjur		5.398.210	3.378.787
Laun og annar starfsmannakostnaður	3	(105.468.269)	(88.077.598)
Annar rekstrarkostnaður		(118.538.584)	(100.786.284)
Afskriftir fastafjármuna	6	(7.996.390)	(8.103.713)
(Rekstrartap), rekstrarhagnaður		(4.903.930)	6.778.178
Fjármunatekjur	4	3.821.086	3.343.876
Fjármagnsgjöld	5	(1.180.128)	(1.139.625)
(Tap), hagnaður ársins		(2.262.972)	8.982.429

Efnahagsreikningur 31. desember 2014

Eignir	Skýr.	31.12.2014	31.12.2013
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir	6	12.913.478	18.492.794
Fjárfestingarverðbréf	7	100.000	100.000
		<u>13.013.478</u>	<u>18.592.794</u>
Veltufjármunir	8		
Viðskiptakröfur		5.859.576	7.273.701
Aðrar skammtímakröfur		243.510	179.624
Handbært fé		99.286.766	106.023.205
		<u>105.389.852</u>	<u>113.476.530</u>
Eignir		<u>118.403.330</u>	<u>132.069.324</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	9		
Óráðstafað eigið fé		105.366.159	107.629.131
Eigið fé		<u>105.366.159</u>	<u>107.629.131</u>
Skammtímaskuldir	10		
Viðskiptaskuldir		5.783.155	5.686.772
Aðrar skammtímaskuldir		7.254.016	18.753.421
Skuldir		<u>13.037.171</u>	<u>24.440.193</u>
Eigið fé og skuldir		<u>118.403.330</u>	<u>132.069.324</u>

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2014

	Skýr.	2014	2013
Rekstrarhreyfingar			
(Rekstrartap), rekstrarhagnaður		(4.903.930)	6.778.178
Afskriftir	6	7.996.390	8.103.713
Óbein niðurfærsla viðskiptakrafna, breyting		64.784	(592.125)
Veltufé frá rekstri án vaxta		3.157.244	14.289.766
Aðrar rekstrartengdar eignir, lækkun, (hækkun)		1.285.455	(904.589)
Rekstrartengdar skuldir (lækkun), hækkun		(11.403.022)	12.207.795
Handbært fé (til), frá rekstri án vaxta		(6.960.323)	25.592.972
Innborgaðir vextir og arður		3.821.086	3.343.876
Greiddir vextir		(1.180.128)	(1.139.625)
Handbært fé (til), frá rekstri		(4.319.365)	27.797.223
Fjárfestingahreyfingar			
Keyptir/seldir varanlegir rekstrarfjármunir	6	(2.417.074)	(2.239.650)
		(2.417.074)	(2.239.650)
Fjármögnunarhreyfingar			
		0	0
(Lækkun), hækkun handbærs fjár		(6.736.439)	25.557.573
Handbært fé í upphafi árs		106.023.205	80.465.632
Handbært fé í lok árs	8	99.286.766	106.023.205
Aðrar upplýsingar			
Veltufé frá rekstri	14	5.798.202	16.494.017